

Farsæld til framtíðar

Tilrauna- og samstarfsverkefni Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs,
Hólabrekkuskóla, Fellaskóla og Suðurmiðstöðvar

Yfirlit

Undanfari.....	3
Farsæld til framtíðar.....	3
Ítarleg lýsing:	4
Fræðsla og stuðningur.....	4
Skimanir.....	4
Tenging við tómstundir	4
Sértækt hópastarf:	4
Foreldrastuðningur og samráð:.....	5
Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna:	5
Verk- og tímaáætlun.	5
Mat á árangri verkefnis	6
Fjármögnun	6
Eigið framlag.....	7
Teymi:	7

Undanfari

Eftirfarandi hugmynd varð til í þverfaglegu samtali grunnaskólahluta Skóla- og frístundadeildar Suðurmiðstöðvar og frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs um stöðuna í málaflokki barna- og unglunga í Reykjavík. Málaflokkurinn hefur tekið nokkrum breytingum undanfarin ár og mánuði og þær áskoranir sem fagfólk stendur fyrir í starfi sínu eru margvíslegar. Verkefnið Betri borg fyrir börn og ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hafa skapað sóknarfæri sem fagfólk í Breiðholti vill nýta til fullnustu.

Mikill áhugi er að taka höndum saman með öflugu forvarnarverkefni þar sem mannauður hverfisins nýtist sem best. Í janúar 2024 var því ákveðið að formgera hugmyndina og freista þess að fá þann stuðning sem þarf til þess að gera verkefnið að veruleika. Síðan þá hefur markvisst verið unnið að því að funda með mögulegum samstarfsaðilum og setja hugmyndina á blað. Eftirfarandi kaflar eru afrakstur þeirrar vinnu.

Þeir sem að verkefninu standa efast ekki um að ef verkefnið verður að veruleika og sýnir árangur, muni það einnig nýtast öðrum hverfum innan borgarinnar og í öðrum sveitarfélögum til góðs.

Farsæld til framtíðar

Verkefnið Farsæld til framtíðar er forvarnarverkefni fyrir börn í 5-7. bekk í Fella- og Hólabrekkuskóla. Um er að ræða samstarfsverkefni grunnskólahluta Skóla- og frístundadeildar Suðurmiðstöðvar, frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs og Fella- og Hólabrekkuskóla. Verkefnið er tilraunaverkefni til eins árs, skólaársins 2024 – 2025 með möguleika á áframhaldi.

Verkefninu er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem staðið er frammi fyrir í málefnum barna- og unglunga. Ljóst er að þörf er á markvissari forvörnum á sviði samskipta, félagsfærni og geðræktar m.t.t. félagslega breyta og bakgrunns nemanda. Verkefnið leggur sérstaka áherslu á nemendur á miðstigi með því markmiði að koma í veg fyrir frekari vanda á unglings- og framhaldsskólastigi.

Með snemmtækri íhlutun og skilgreindu samstarfi stofnana hverfisins aukast líkur á árangri í einstökum málum sem aftur hefur áhrif á námsárangur, líðan og sjálfsmynd unglunga. Allt þetta eykur jafnframt líkur á farsæld á fullorðinsárum.

Ítarleg lýsing:

Verkefnið samanstendur af nokkrum samverkandi þáttum; almennri fræðslu og stuðningi við nemendur, skimunum, tengingu við tómstundir, sértæku hópastarfi, foreldrasamráði og áherslu á samþætta þjónustu í þágu farsældar barna skv. lögum nr. 86/2021.

Fræðsla og stuðningur

Meginþungi verkefnisins felst í 40 - 80 mínútna kennslu í viku fyrir alla árganga í miðstigi í skólunum tveimur, Fella- og Hólabrekkuskóla. Um er að ræða áfanga sem leggur áherslu á almennar forvarnir, samskipti, félagsfærni og geðrækt. Unnið verður með fyrirfram ákveðið námsefni en með möguleika á sveigjanlegum áherslum eftir þörfum og samsetningu hópanna. Áfanginn er kenndur af starfsmönnum verkefnisins sem einnig ber ábyrgð á framgangi áfangans en með honum verður ávalt starfsmaður skólans.

Skimanir

Í upphafi haust- og vorannar verða lagðar fyrir tvær skimanir fyrir alla bekkir á miðstigi í báðum skólum. Annarsvegar verður lögð fyrir nafnlaus skimun sem er ætluð sem „hitamælir“, þ.e. til þess að varpa ljósi á samskiptin og menninguna í bekknum og almenna líðan nemenda. Niðurstöðurnar verða svo nýttar til þess að ákveða hvað af því fyrirfram skipulagða efni myndi nýtast umræddum hóp sem best. Hinsvegar verður lögð fyrir persónugreinanleg skimun þar sem sérsök áhersla er lögð á að kanna stöðu nemandans m.t.t. frístunda- og tómstundaiðkunar hans. Niðurstöður þeirrar skimunar verða nýttar til að auka tómstundabátttöku nemenda.

Tenging við tómstundir:

Þeir nemendum sem ekki eru í skipulögðu íþróttá- eða tómstundarstarfi og forráðamönnum þeirra, verður boðið upp á sérstakt viðtal við verkefnastjóra tómstunda-verkefnis Suðurmiðstöðvar. Í viðtalinu verður farið yfir áhugasvið nemandans og möguleikann á tengingu við skipulagt íþróttá- og tómstundarstarf. Sé áhugi fyrir að byrja í slíku starfi verður veittur stuðningur til þess auk þess sem unnið verður að lausnum við frekari hindrunum, séu þær til staðar. Með inngripinu eru bundnar vonir við aukna nýtingu frístundakortsins í hverfinu.

Sértækt hópastarf:

Sérstök áhersla er á að grípa þá nemendur sem eru í þörf fyrir frekari stuðning á meðan verkefnið er í gangi. Boðið verður upp á tvo hópa í sérstöku hópastarfi á vegum félagsmiðstöðvarinnar 111, annarvegar fyrir þá nemendur sem eru félagslega einangraðir og hinsvegar fyrir þá sem sýna einkenni áhættuhegðunar á frumstigi. Ábyrgðaraðilar yfir hópastarfinu eru starfsmenn verkefnisins, þeir sömu og kenna áfangana í skólunum tveimur. Í gegnum hópastarfið verður einnig horft til frekari stuðnings, t.d. brúarsmiða.

Foreldrastuðningur og samráð:

Á tímabilinu verða haldnir a.m.k. tveir foreldrafundir sérstaklega í tengslum við verkefnið. Á fundinum verða foreldrar upplýstir um innihald áfangans auk þess sem áhersla verður lögð á þær áskoranir sem nemendurnir standa frammi fyrir. Rætt verður um mikilvægi foreldrasamráðs og fundnar leiðir til að auka samskipti á milli foreldra nemendanna. Hvatt verður til þátttöku í foreldrarölti. Möguleiki er á stuðning frá menningarmiðlurum á fundinum. Unnið með hugmyndafræði PMTO – stutt fræðsla um þær gagnreyndu aðferðir og upplýsingar um hvernig sé hægt að fá betri þjálfun í uppeldisaðferðinni.

Sambætt þjónusta í þágu farsældar barna:

Horft verður á stöðu allra nemenda í 5 - 7 bekk í skólunum tveimur út frá tilfinninga- og félagslegum þáttum. Reglulegir fundir verða haldnir innan hvers skóla til að tryggja að þetta sé gert markvisst og skipulagt. Sé ástæða til að hafa áhyggjur af einstaka nemendum verður unnið að sambættingu þjónustu á 1. stigi og mál nemandans vísað til tengiliðs farsældar. Séu áhyggjurnar þyngrri er máli nemandans vísað á 2. þjónustustig til málstjóra á miðstöð. Með þessu er tryggt á allir nemendur á miðstigi fái þann stuðning sem þau þurfa með snemmtækri íhlutun að leiðarljósi.

Verk- og tímaáætlun.

Verkpáttur	Upphaf dags.	Lok verkþ.	Lýsing	Staða
Reglulegir fundir v. undirbúnings verkefnalýsingar	20.1.24	20.03.24	Reglulegir fundir með teyminu, unnið í verkefnalýsingu, hugað að mögulegum hindrunum og lausnum.	Lokið
Fundir með mögulegum samstarfsaðilum	1. 2.24	28.2.24	Fundað með verkefnastjóra tómtunda, stjórnendum í Fella- og Hólabrekkuskóla og öðrum stjórnendum.	Lokið
Fjármögnun	1.3.24	1.4.24	Unnið að fjármögnum tveggja stöðugilda.	Ólokið
Undirbúningur fyrir haustönn 2024.	1.4.24	26.8.24	Reglulegir fundir teymis. Verkefnalýsing og skipulag yfirfarið. Ítarleg yfirferð fræðsluefnis, ákvarðanir teknar um hvað skuli nýta og hvað þurfi að búa til	Ólokið
Ráðning starfsfólks	1.4.24	1.5.24	Ráðning tveggja starfsmanna.	Ólokið
Mat á verkefni	1.5.24	1.6.24	Fundað með Háskóla Íslands vegna mats á verkefni	Ólokið
Fyrirlögn og yfirferð skimana og hitamæla	26.8.24	2.9.24	Skimanir lagðar fyrir og unnið úr niðurstöðum þeirra.	Ólokið

Farsæld til framtíðar – áfangi á haustönn.	26.8.24	31.12.24	Fræðsluefni og stuðningur í tvær kennslustundir fyrir alla árganga á miðstigi í Fella- og Hólabrekkuskóla.	Ólokið
Fundir vegna tórstunda	2.9.24	31.10.24	Verkefnastjóri tórstundaverkefnis fundar með þeim nemendum sem ekki stunda skipulagt íþróttar- eða tórstundastarf og forráðarmönnum þeirra	Ólokið
Sértækt hópastarf	15.9.24	31.12.25	Sértækt hópastarf vegna félagslegrar einangrunar og áhættuhegðunar.	Ólokið
Foreldrafundur	10.24	10.24	Fyrri foreldrafundur skólaársins vegna verkefnisins.	Ólokið
Fyrirlögn og yfirferð skimana og hitamæla	6.1.25	10.1.25	Skimanir lagðar fyrir og unnið úr niðurstöðum þeirra.	Ólokið
Farsæld til framtíðar – áfangi á vorönn.	6.1.25	1.6.25	Fræðsluefni og stuðningur í tvær kennslustundir fyrir alla árganga á miðstigi í Fella- og Hólabrekkuskóla	Ólokið
Sértækt hópastarf	6.1.25	1.6.25	Sértækt hópastarf vegna félagslegrar einangrunar og áhættuhegðunar.	Ólokið
Endurskoðun og framtíð verkefnis	1.5.25	30.5.25	Verkefnið ígrundað út frá reynslu og árangri. Ákveðið hvort haldið verði áfram á næsta skólaári.	Ólokið

Mat á árangri verkefnis

Verkefnið byggir á faglegum og fræðilegum grunni samstarfsaðilanna. Leitað verður til háskólasamfélagsins við frekari útfærslu og mælingar á meðan á verkefninu stendur. Stefnt er að frekari umræðum við Háskóla Íslands en vilyrði fyrir slíku samstarfi liggur fyrir þú þegar.

Fjármögnun

Þær stofnanir sem vinna saman að verkefninu munu allar leggja fram vinnu við verkefnið en ítarlegri upplýsingar um eigið framlag má finna neðar í kaflanum. Þó er ljóst að um umfangsmikið verkefni er að ræða og því þörf á fjármagni. Því er óskað eftir styrk sem nemur launum tveggja frístundaráðgjafa (áhersla verður lögð á að ráða tórstunda- og félagsmálafræðinga) í 12 mánuði. Þeir, ásamt teyminu

að baki verkefninu, munu bera ábyrgð á framgangi verkefnisins innan hvers skóla, sjá um kennslu í 40 – 80 mínútur í hverjum bekk á skólaárinu og sinna sértæka hópstarfinu.

Eigið framlag

Eins og fram hefur komið er verkefnið samstarfsverkefni grunnskólahluta Skóla- og frístundadeildar Suðurmiðstöðvar, frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs og Fella- og Hólabrekkuskóla. Eftirfarandi er eigið framlag þeirra stofanna við verkefnið:

Skóla- og frístundadeild Suðurmiðstöðvar: Deildin ber ábyrgð á skimunum og úrvinnslu þeirra, tengingu við skipulagt íþrótt- og tómstundastarf, umsjón með málavinnslu mt.t. laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, handleiðslu til starfsmanna auk þess að sitja í verkefnastjórn verkefnis.

Frístundarmiðstöðin Miðberg: Frístundamiðstöðin mun bera meginábyrgð á skipulagningu námsefnis, aðgang að húsnæði vegna hópstarfs og veita handleiðslu til starfsmanna. Miðstöðin situr auk þess í verkefnastjórn verkefnis.

Fella- og Hólabrekkuskóli: Skólarnir munu koma markvisst að kennslu áfangans með kennara/starfsmanni innan skólans við hlið starfsmanns verkefnisins sem er sérstaklega ráðinn inn. Þeir verða auk þess í öflugu samstarfi vegna velferðar nemendanna og sitja í verkefnastjórn verkefnis.

Teymi:

Að verkefninu stendur teymi fagaðila samstarfsstofnana og ber það ábyrgð á framkvæmd verkefnisins í samráði við þá aðila sem daglega vinna með nemendum á miðstigi í Breiðholti.

Hugmynd og úrvinnsla:

Hlynur Einarsson, forstöðumaður félagsmistöðvarinnar 111.

Margrét Edda Yngvadóttir, félagsráðgjafi of verkefnastjóri í Suðurmiðstöð.

Eftirfarandi aðilar hafa einnig með formlegum hætti komið að þróun verkefnisins:

Ágúst Frímann Jakobsson, fagstjóri Skóla- og frístundadeildar Suðurmiðstöðvar.

Bryndís Snorradóttir, deildarstjóri í Fellskóla.

Brynja Þórisdóttir, deildarstjóri í Hólabrekkuskóla.

Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir, íþrótta- og frístundatengill, Suðurmiðstöð.

Helgi Eiríksson, framkvæmdarstjóri frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs.

Herdís Einarsdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Bakkans

Hjörleifur Steinn Þórisson, teymisstjóri á Suðurmiðstöð

Karen Rún Helgadóttir, teymisstjóri á Suðurmiðstöð og starfsmaður í félagsmiðstöð

Kári Sigurðsson, verkefnastjóri forvarna- og vettvangsstarfs hjá Reykjavíkurborg